

AFREKSSJÓÐUR ÍSÍ 2018



Nýtt fyrirkomulag komið til að vera

Miklar breytingar hafa átt sér stað hjá Afrekssjóði ÍSÍ á árinu. Að loknu Íþróttapingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn og hefur allt ferli í kringum styrkveitingar, kröfur og eftirfylgni tekið breytingum frá fyrri árum.

Heilt yfir má segja að breytingarnar hafi gengið vel og fulltrúar sérsambanda ÍSÍ hafa tekið nýju vinnulagi fagnandi og farið í mikla vinnu við að skipuleggja enn frekar afreksstarf sérsambanda og unnið að því að uppfylla þær kröfur sem nýtt umhverfi afreksíþróttar felur í sér.


Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ festi ákveðinn ramma fyrir styrkveitingar sem kynntur var fyrir sérsamböndum og fól í sér upplýsingar um áherslur sjóðsstjórnar vegna ársins 2018. Samhliða því staðfesti stjórn sjóðsins flokkun sérsambanda í afreksflokka, en slíkt er ein forsenda þeirra möguleika sem hvert sérsamband hefur gagnvart úthlutunum og stillir jafnframt af þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi sérsambands.

Verkaskipting á milli stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ og stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ hefur einnig tekið breytingum samhliða nýju fyrirkomulagi og hafa breytingarnar tekist vel. Með breytingunum hafa aðilar í stjórn sviðsins tekið að sér að vera í reglulegum samskiptum við skilgreind sérsambönd og sett sig betur inn í það starf sem á sér stað innan þeirra. Heilt yfir má segja að aukin samskipti, upplýsingastreymi og stefnumótun hafi einkennt þetta ár og var það ein af áherslum þeirra breytinga sem gerðar voru á Afrekssjóði ÍSÍ og afreksstarfi ÍSÍ og sérsambanda.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ

Á fyrsta fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ að loknu Íþróttapingi ÍSÍ 2017 var skipað í stjórn sjóðsins og er hún skipuð eftirfarandi aðilum: Lilja Sigurðardóttir formaður, Ása Ólafsdóttir varaformaður, Guðrún Inga Sívertsen, Páll Grétarsson, Stefán Snær Konráðsson fulltrúi mennta- og menningarmálaráðherra. Starfsmaður sjóðsins er Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og seturétt á fundum sjóðsins hefur Örn Andrésen formaður stjórnar Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

ÚTHLUTUN AFREKSSJÓÐS ÍSÍ 2017 OG 2018



ÚTHLUTUN STYRKJA TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ ÚR AFREKSSJÓÐI ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2018

Sérsamband		Alls 2018 *	Úthlutun 2017 **
BLÍ	Blaksamband Íslands	10.500.000	8.400.000
BSÍ	Badminton samband Íslands	9.950.000	3.800.000
BTÍ	Borðtennissamband Íslands	1.450.000	1.000.000
DSÍ	Dansíþróttasamband Íslands	7.550.000	3.600.000
FRÍ	Frjálsíþróttasamband Íslands	28.000.000	23.000.000
FSÍ	Fimleikasamband Íslands	37.400.000	15.950.000
GSÍ	Golfsamband Íslands	27.400.000	14.850.000
HRÍ	Hjólreiðasamband Íslands	1.450.000	1.000.000
HSÍ	Handknattleikssamband Íslands	51.600.000	41.500.000
ÍF	Íþróttasamband fatlaðra	20.550.000	12.750.000
ÍHÍ	Íshökkísamband Íslands	9.200.000	4.900.000
ÍSS	Skautasamband Íslands	1.450.000	1.000.000
JSÍ	Júðósamband Íslands	7.100.000	3.100.000
KAÍ	Karatesamband Íslands	5.350.000	3.155.000
KKÍ	Körfuknattleikssamband Íslands	37.000.000	31.500.000
KLÍ	Keilusamband Íslands	4.750.000	2.600.000
KRA	Kraftlyftingasamband Íslands	14.600.000	12.520.900
KSÍ	Knattspyrnusamband Íslands	0	8.400.000
LH	Landssamband hestamannafélaga	3.650.000	4.200.000
LSÍ	Lyftingasamband Íslands	1.950.000	1.300.000
SÍL	Siglingasamband Íslands	1.150.000	544.786
SKÍ	Skíðasamband Íslands	18.250.000	15.300.000
SKY	Skylmingasamband Íslands	7.200.000	3.300.000
SSÍ	Sundsamband Íslands	27.850.000	20.823.483
STÍ	Skotíþróttasamband Íslands	9.300.000	8.050.000
TKÍ	Taekwondosamband Íslands	1.950.000	800.000
TSÍ	Tennissamband Íslands	1.450.000	800.000
ÞRÍ	Þríþrautarsamband Íslands	1.250.000	972.089
	Samtals:	349.300.000	249.116.258

*Um er að ræða úthlutun til sérsambanda. Fyrirvarar eru í samningum og kröfur um að styrkir séu nýttir í ákveðin verkefni. Þegar uppgjör verkefna ársins liggja fyrir kemur í ljós hvort að hluti styrkveitinga verður felldur niður eða hvort að öll upphæðin komi til greiðslu.

** Um er að ræða lokaniðurstöðu ársins en í heildina voru felldir niður styrkir að upphæð 1.333.742 til sérsambanda af þeirri upphæð sem var úthlutað til þeirra vegna verkefna ársins 2017. Eru niðurfellingar vegna þess að ekki var farið í verkefni sérsambanda eða umfang þeirra var minna en í áætlunum.



Helstu þættir í starfsemi sjóðsins 2018

Síðla árs 2017 var óskað eftir umsóknum frá sérsamböndum ÍSÍ samkvæmt nýju fyrirkomulagi og voru þær að berast jafnt og þétt til ÍSÍ, en lokafrestur á skil var gefinn 3. apríl 2018. Kynningarfundir voru haldnir með sérsamböndum til að fara yfir ný eyðublöð og annað er tengdist umsóknum. Starfsmenn ÍSÍ ásamt stjórnarfólki í Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ funduðu með hverju sérsambandi bæði á meðan verið var að vinna að umsóknum og eins þegar lokaútgáfur voru tilbúnar fyrir stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ.

Stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ fór yfir þær tillögur sem bárust og þann rökstuðning sem fylgdi með frá Afreks- og Ólympíusviði ÍSÍ. Styrkveitingar vegna ársins 2018 voru ákveðnar í þremur skrefum. Fyrst hlutu sex sérsambönd styrkveitingu í janúar 2018 með þeim fyrirvara að upphæðir til þeirra yrðu endurskoðaðar þegar styrkveitingar til annarra sérsambanda væru klárar síðar um vorið. Í mars var úthlutað til fimm sérsambanda til viðbótar og sömu fyrirvarar gerðir vegna lokaupphæðar. Í apríl var úthlutað til þeirra sérsambanda sem voru eftir og fyrri úthlutanir endurskoðaðar á sama tíma og hækkaðar í samræmi við forsendur sjóðsins og aðrar styrkveitingar. Veittir voru styrkir til 28 af þeim 29 sérsamböndum sem sóttu um styrk til sjóðsins. Umsókn eins sérsambands var ekki styrkt þar sem horft var til fjárhagsstöðu viðkomandi sérsambands og í reglugerð sjóðsins segir: „Við úthlutanir er heimilt að taka sérstakt tillit til þess ef viðkomandi sérsamband hefur fengið beina styrki frá hinu opinbera eða öðrum aðilum.“

Send voru bréf til sérsambanda þar sem tilkynnt var um úthlutun og í framhaldinu var fundað með hverju sérsambandi og farið yfir kröfur sjóðsins og sundurliðun styrkveitinga miðað við áherslur og verkefni. Sérsamböndum var falið að skila inn endurskoðaðri áætlun til að hægt væri að ganga frá samningi milli sjóðs og sérsambands.

Flokkun sérsambanda í afreksflokka

Í reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ, 13. grein, er fjallað um að Afrekssjóður ÍSÍ skuli árlega flokka sérsambönd ÍSÍ í afreksflokka út frá skilgreindum viðmiðum. Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ kallar reglulega eftir ýmsum skilgreiningum og upplýsingum frá sérsamböndum ÍSÍ um fjölmörg atriði er tengjast afreksíþróttastarfi viðkomandi sérsambands, s.s. árangur í mótum, skipulag afreksstarfsins og helstu áhersluatriði. Þessi vinna Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ er lögð til grundvallar tillögum Afrekssjóðs ÍSÍ til framkvæmdastjórnar ÍSÍ um flokkun sérsambanda í afreksflokka.

Í A-flokki eru sérsambönd sem taka reglulega þátt í keppni á hæsta stigi í viðkomandi íþróttagrein með frábærum árangri á síðustu fjórum árum. Gerðar eru kröfur um umfangsmikið afreksíþróttastarf í sérsambandinu og fjármögnun og þurfa samböndin að uppfylla fjölmörg atriði sbr. grein 13.1. í reglugerð sjóðsins.

Í B-flokki eru sérsambönd þar sem afreksstarfið felur í sér reglulega alþjóðlega þátttöku á heimsvísu í viðkomandi íþróttagrein, þar sem einstaklingar eru að keppa um stig á heimslista og reyna að vinna sér þátttökurétt á Heimsmeistara- og Evrópumót og/eða

Ólympíuleika/Paralympics. Gerðar eru kröfur um ákveðna umgjörð hjá sérsambandinu sbr. grein 13.2 í reglugerð sjóðsins.


Í C-flokki er um að ræða sérsambönd sem ekki komast í flokk A eða B en taka þó þátt í alþjóðlegu landsliðsstarfi. Eru það sérsambönd sem taka þátt í Heimsmeistaramótum, Evrópumótum eða Norðurlandamótum og nýta þá kvóta sem þeir hafa vegna þessara móta, eða eru að keppa í forkeppnum eða neðstu stigum viðkomandi greina. Minni kröfur eru gerðar til umfangs og umgjörðar afreksstarfs hjá þessum sérsamböndum sbr. grein 13.3 í reglugerð sjóðsins.

„Án flokkunar“ eru þau sérsambönd sem ekki hafa skilað inn upplýsingum um afreksstarf og skilgreiningar til ÍSÍ. Hafa ber í huga að flokkun sérsambanda í afreksflokka er símat og getur tekið breytingum eftir aðstæðum og stöðu sérsambanda hverju sinni.

FLOKKUN Í AFREKSFLOKKA 2018			
A/Afreks-sérsambönd	B/Alþjóðleg sérsambönd	C/Þróunar-sérsambönd	Án flokkunar
FSÍ	BSÍ	AKÍS	HNÍ
FRÍ	BLÍ	BTÍ	MSÍ
GSÍ	DSÍ	GLÍ	
HSÍ	ÍHÍ	HRÍ	
ÍF	JSÍ	LSÍ	
KSÍ	KAÍ	SÍL	
KRA	KLÍ	ÍSS	
KKÍ	LH	TKÍ	
SSÍ	SKÍ	TSÍ	
	STÍ	ÞRÍ	
	SKY		

YFIRLIT YFIR ÁHERSLUR Í STYRKJUM TIL SÉRSAMBANDA ÍSÍ FYRIR ÁRIÐ 2018


Áherslupættir	A/Afreks-sérsambönd	% innan flokks	B/Alþjóðleg sérsambönd	% innan flokks	C/Þróunar-sérsambönd	% innan flokks	Samtals	% innan flokks
Grunnstyrkir	21.000.000	8,59%	11.000.000	11,85%	4.000.000	33,06%	36.000.000	10,31%
Starfsmannakostnaður	38.500.000	15,75%	24.350.000	26,24%	0	0,00%	62.850.000	17,99%
Fagteymi	13.750.000	5,63%	5.750.000	6,20%	800.000	6,61%	20.300.000	5,81%
HM/EM þátttöku	26.000.000	10,64%	4.500.000	4,85%	3.300.000	27,27%	33.800.000	9,68%
HM/EM lokamóts í hópíþr.	8.000.000	3,27%	0	0,00%	0	0,00%	8.000.000	2,29%
Menntun landsliðsþjálfara	2.400.000	0,98%	1.825.000	1,97%	600.000	4,96%	4.825.000	1,38%
Réttindi alþjóðl. dómara	2.350.000	0,96%	1.800.000	1,94%	0	0,00%	4.150.000	1,19%
Hæfileikamótun	8.000.000	3,27%	4.475.000	4,82%	1.750.000	14,46%	14.225.000	4,07%
Alls	120.000.000	49,10%	53.700.000	57,87%	10.450.000	86,36%	184.150.000	52,72%
Umfang afreksstarfs	69.900.000	28,60%	10.000.000	10,78%	0	0,00%	79.900.000	22,87%
Vegna einstaklinga	19.000.000	7,77%	4.000.000	4,31%	0	0,00%	23.000.000	6,58%
Vegna ÓL/PL undirbúnings	14.000.000	5,73%	11.700.000	12,61%	1.150.000	9,50%	26.850.000	7,69%
Yngri lið/einstaklingar	20.000.000	8,18%	10.500.000	11,31%	0	0,00%	30.500.000	8,73%
Aðrir þættir	1.500.000	0,61%	2.900.000	3,13%	500.000	4,13%	4.900.000	1,40%
Alls	124.400.000	50,90%	39.100.000	42,13%	1.650.000	13,64%	165.150.000	47,28%
Samtals	244.400.000	69,97%	92.800.000	26,57%	12.100.000	3,46%	349.300.000	100,00%






Áherslur Afrekssjóðs ÍSí 2018 og sundurliðun styrkja


Aftekssjóður ÍSí gefur út ákveðnar forsendur til sérsambanda áður en sótt er um til sjóðsins. Er þar fjallað um hversu hárra styrkja má vænta í ákveðna málaflokka og áhersluatriði. Flestir möguleikar og hæstu upphæðir eru í flokka A/ Aftekssérsambanda og færri möguleikar og lægri upphæðir í öðrum flokkum.



Þannig var lagt upp með að um 70% af styrkjum ársins 2018 færu í flokk A/Aftekssérsambönd, um 26% í flokk B/Alþjóðleg sérsambönd og um 4% í flokk C/Þróunarsérsambönd. Heildarniðurstaða ársins er nærri þeim viðmiðum en þó á eftir að koma í ljós á næsta ári hvort að einhverjar styrkveitingar lækki vegna þess að forsendur hafa breyst hjá sérsamböndum eða ef verkefni sem hlutu styrki féllu niður.



Áherslur innan hvers flokks má sjá betur á þeim myndum sem eru hér á undan og eftir, en áherslur ársins fólu í sér aukna áherslu á umgjörð afreksstarfs sérsambanda, hæfileikamótun, HM/EM þátttöku, menntun landsliðsþjálfara og fagteymisstarf. Þannig eru áherslur í öllum flokkum á þessa þætti en upphæðir misháar.



Almennt má segja að styrkir Afrekssjóðs ÍSÍ fari nærri því að styrkja um þriðjung kostnaðs hvers sérsambands við afreksstarfið. Í umsóknnum sérsambanda fyrir árið 2018 var áætlaður kostnaður þeirra sambanda sem hlutu styrk um 1.168 milljónir kr. Hafa þarf í huga að umfang verkefna getur verið mismunandi milli ára, t.d. er HM/EM í einhverjum tilfellum haldið annað hvert ár.

Ef horft er á skiptingu þessa kostnaðar milli sambanda í A, B og C flokki eru tölurnar eftirfarandi:

A / Afrekssérsambönd	B / Alþjóðleg sérsambönd	C / Þróunarsérsambönd	Samtals
797.910.293,-	313.688.114,-	56.779.876,-	1.168.378.283,-
68,29%	26,85%	4,86%	100%


Þegar horft er á áætlaðar tekjur sérsambanda og hvernig þau stefna á að fjármagna kostnaðinn við afreksstarfið koma í ljós áhugaverð hlutföll. Sérsambönd í flokki A/Afrekssérsambanda ná að fjármagna sig sem nemur tæpum fjórðungi frá styrktaraðilum meðan önnur sérsambönd hafa lítinn aðgang að fjármagni með þeim hætti. Þá þarf að skoða enn frekar hvernig aðrar tekjur sérsambanda eru skilgreindar, þ.e. hvort að um sé að ræða skatta frá iðkendum eða jafnvel tekjur frá Íslenskri getspá eða Íslenskum getraunum sem sum sérsambönd skilgreina sem aðrar tekjur í gegnum ÍSÍ.

	A	B	C	Samtals
Frá alþjóðasambandi	3,11%	9,07%	5,46%	4,82%
Frá styrktaraðilum	23,25%	8,80%	4,36%	18,45%
Frá félögum	5,49%	5,55%	3,93%	5,43%
Frá iðkendum	7,98%	21,26%	18,40%	12,05%
Frá öðrum tekjum sérsambands	24,27%	22,01%	20,93%	23,50%
Frá öðrum tekjum í gegnum ÍSÍ	5,27%	3,73%	25,61%	5,84%
Stykur Afrekssjóðs ÍSÍ	30,63%	29,58%	21,31%	29,90%



Fyrirhugað er að greina enn betur þarfir sérsambanda og hvernig kostnaður þeirra við afreksstarfið skiptist í mismunandi málaflokka, þannig að Afrekssjóður ÍSÍ geti hagað styrkveitingum og áherslum í takt við afreksstarf sérsambanda.

Gagnaöflun og umfang afreksstarfsins

Á árinu bárust upplýsingar frá sérsamböndum ÍSÍ um þátttöku í verkefnum sérsambanda. Margt fróðlegt kom fram í skilum sérsambanda og er hægt að lesa út lykiltölur um þátttöku, umfang verkefna, aldur og kynjaskiptingu og fleira sem hjálpar til við að greina afreksstarfið. Á eftirfarandi myndum eru sérsambönd flokkuð samkvæmt töflu á bls. 3.



Alls voru 1.462 aðilar skráðir í landsliðsverkefni á vegum sérsambanda ÍSÍ á árinu 2017, kynjaskipting þeirra var þannig að 43% voru konur og 57% karlar. Í allt var um að ræða 3.002 verkefni, sem þýðir að hver aðili tók þátt í að meðaltali tveimur landsliðsverkefnum. Stunda þau íþróttir í íþróttafélögum innan 21 íþróttahéraðs. Áhugavert er að sjá að flestir einstaklingar eru á síðustu árum grunnskólaaldurs eða á framhaldsskólaaldri. Flestir einstaklingar eru í verkefnum sem tengjast hópíþróttum.





Úthlutanir ársins 2017

Sérsambönd ÍSí skiluðu á árinu inn skýrslum um starfsemi ársins 2017. Styrkveitingin gerði kröfur á ákveðnar áherslur s.s. sem snýr að fagteymi sérsambanda og þátttöku í skilgreindum verkefnum. Að loknum uppgjörum kom í ljós að fella þurfti niður hluta styrkja til sérsambanda og er upphæðin alls 1.333.742 kr., en um er að ræða verkefni hjá níu sérsamböndum ÍSí. Endanlegar styrkveitingar til sérsambanda vegna ársins 2017 má sjá í töflu á bls. 2.

Heimasíða Afrekssjóðs ÍSí

Á heimasíðu sjóðsins, sem er hluti af heimasíðu ÍSí, má finna ýmsar upplýsingar um sjóðinn, s.s. samantekt á styrkveitingum síðustu ára, núverandi starfsreglur o.fl. Upplýsingar um styrkveitingar ársins 2018 með myndrænni framsetningu má finna á síðunni og myndir frá undirritunum samninga.

Áherslur ársins 2019

Stjórn Afrekssjóðs ÍSí hefur auglýst eftir umsóknum vegna ársins 2019 og gefið út töflu um mögulegar styrkveitingar og áherslur sjóðsins. Afrekssjóður ÍSí áætla að úthluta allt að 450 m.kr. til sérsambanda vegna verkefna ársins 2019. Breytingar á milli ára fela í sér:

- Almennt séð er aukin áhersla lögð á HM/EM þátttöku í öllum flokkum.
- Upphæðir vegna starfsmanna í afreksmálum hækka örlítið.
- Í flokki C/Próunarsérsambönd er aukin áhersla lögð á hæfileikamótun, en undir hana má fella fjölmarga þætti eins og kostnað vegna þjálfara, æfingabúða, fagteymis og keppnisferða.
- Fagteymisupphæð hækkar í A og C flokki.
- Styrkir vegna ÓL/PL undirbúnings hækka.
- Mesta hækkunin verður þó í því sem tengist umfangi afreksstarfsins, þ.e. það reglulega starf sem samböndin í A og B flokki eru með í gangi yfir allt árið (s.s. mótaþátttaka og æfingar).

Framtíðarsýn

ÍSí mun áfram efla samvinnu og eftirlit í tengslum við styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Þannig mun Afreks- og Ólympíusvið ÍSí áfram vinna náið með sérsamböndum í tengslum við áætlanagerð, stefnumótun, skipulag á verkefnum og gagnavinnslu vegna umsókna til Afrekssjóðs ÍSí. Nú er komin ákveðin reynsla af nýju vinnulagi og hefur fyrsta árið tekist vel hvað varðar slíka vinnu. Áfram er lögð krafa á að afreksstefna sérsambands uppfylli skilgreindar kröfur ÍSí og að kostnaður vegna afreksstarfs sé vel skilgreindur í reikningum sérsambanda. Þannig verður ekki úthlutað styrkjum til sérsambanda nema afreksstefna sé til staðar sem uppfyllir kröfur ÍSí og eins er horft til þess að reikningar sérsambanda séu nógu vel skilgreindir vegna kostnaðar við afreksstarf. Lögð er áhersla á að sérsambönd séu að halda utan um heildarkostnað þeirra verkefna sem þau sjá um og að allur kostnaður komi fram í reikningum sérsambands.

Töluverð vinna hefur farið í að greina gögn frá sérsamböndum og vinna með tölulegar upplýsingar, bæði til að hjálpa sérsamböndum í sinni stefnumótun og áætlanagerð en einnig til að hafa til staðar ítarleg gögn til að greina starfsemi ÍSí og sérsambanda og nýta við skýrsluskil til ráðuneytis. Áfram verður unnið að því að efla þennan þátt og vinna upp úr gögnum samantektir og upplýsingar sem styðja við afreksstarfið og framtíðarskipulag þess.

Markmið sjóðsins er að hjálpa til við að Íslendingar eigi hverju sinni afreksfólk í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig íslenskra íþróttara. Þannig styrkir sjóðurinn sérsambönd ÍSí til þess að þau geti bætt enn frekar það afreksumhverfi sem er til staðar.



Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Engjavegi 6 | 104 Reykjavík

Sími: 514 4000 | Fax: 514 4001
Netfang: isi@isi.is

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) varð til við sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands árið 1997.

ÍSí er landssamband héraðssambanda/íþróttabandalaga og sérsambanda og er einu heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. ÍSí er æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu samkvæmt íþróttalögum. Félagsaðildir í íþróttahreyfingunni eru rúmlega 340 þúsund og fjöldi virkra iðkenda er um 95 þúsund.

www.isi.is